

**Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Jóns Sivertsen, út- 215**  
 gefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 20. desember 1960. 20. des.  
 Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

### fyrir Minningarsjóð Jóns Sivertsen.

#### 1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Jóns Sivertsen. Er hann stofnaður árið 1948 af nemendum Verzlunarskóla Íslands útskrifuðum 1928. Sjóðurinn er eign Verzlunarskóla Íslands og er nú að upphæð kr. 26 364.99.

#### 2. gr.

Sjóðurinn skal vera í vörzlu skólanefndar Verzlunarskóla Íslands, er ávaxtar hann á hagkvæman og öruggan hátt. Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða, en auka má hann með gjöfum. Gerð skal árlega grein fyrir fjárreiðum sjóðsins, og reikningar hans endurskoðaðir með reikningum skólans. Skulu þeir birtir með reikningum Verzlunarskóla Íslands.

#### 3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að veita verðlaun þeim nemanda verzlunardeildar Verzlunarskóla Íslands, sem á vorprófi sýnir bezta hæfni í stærðfræði. Skólastjóri og stærðfræðikennarar verzlunardeildar ákveða, hverjir nemendur hljóti verðlaun. Verðlaun má veita árlega. Í þessum tilgangi má verja allt að  $\frac{3}{4}$  af ársvöxtum sjóðsins, en  $\frac{1}{4}$  af ársvöxtum hans ásamt öðrum væntanlegum tekjum skal leggjast við höfuðstólinn.

#### 4. gr.

Verði þær breytingar á Verzlunarskóla Íslands, að breytingar á skipulagsskrá þessari verði nauðsynlegar, er skólanefnd Verzlunarskóla Íslands heimilt að breyta skipulagsskránni, enda samþykki stjórn Verzlunarráðs Íslands breytingarnar.

#### 5. gr.

Skólanefnd Verzlunarskóla Íslands hlutist til um, að skipulagsskrá þessi öðlist staðfestingu forseta Íslands og verði síðan birt í stjórnartíðindum.

## G J A L D S K R Á

**um heimtaugagjöld til héraðsrafmagnsveitna ríkisins í kaupstöðum,  
 kaптúnum og þorpum.**

### I. ORKUVEITUSVÆÐI

Gjaldskrá þessi gildir á orkuveitusvæðum eftirtaldrá kaupstaða, kaптúna og þorpa:

Neskaupstaður, Ólafsfjörður, Seyðisfjörður, Hellissandur með Rifshöfn, Ólafsvík, Grafarnes, Stykkishólmur, Búðardalur, Tungu- og Sveinseyrarþorp, Bildudalur, Þingeyri, Flateyri, Suðureyri, Bolungavík, Súðavík, Dranganes, Hólmavík, Hvammsangi, Blönduós, Skagaströnd, Varmahlíð í Skagafirði, Hofsó, Dalvík, Hrisey, Ár-

**216** skógssandur, Hauganes, Hjalteyri, Kristnes, Svalbarðseyri, Grenivík, Raufarhöfn, 22. des. Þórshöfn, Höfn í Bakkafirði, Vopnafjörður, Bakkagerði í Borgarfirði eystra, Egilsstaðarþorp, Eskifjörður, Búðir í Fáskrúðsfirði, Kirkjubólshorpi í Stöðvarfirði, Þverhamarsþorp í Breiðdalsvík, Djúpvogur, Höfn í Hornafirði, Vík í Mýrdal, Hvolsvöllur, Hella, Laugarvatn, Þorlákshöfn, Hafnir á Reykjanesi og Keflavíkurflugvöllur.

## II. HEIMTAUGAGJÖLD

Af hverri húsveitu á orkuveitusvæðinu, sem tengd er við héraðsrafmagnsveitur ríkisins, skal greiða heimtaugargjald, sem miðast við brunabótamat húsa og mannvirkja á þann hátt, sem hér segir:

### Grunngjald

|   |          |
|---|----------|
| af loftlínuheimtaug .....                   | 1000 kr. |
| af jarðlínuheimtaug frá jarðlínukerfi ..... | 1500 —   |
| af jarðlínuheimtaug frá loftlínukerfi ..... | 2000 —   |

### og auk þess

|                                    |               |
|------------------------------------|---------------|
| 1.2% af brunabótamati upp að ..... | 500000 kr. og |
| 0.6% af ————— umfram .....         | 500000 —      |

Ef brunabótamat er augsýnilega of lágt eða hús ómetin, getur rafmagnsveitustjóri innheimt heimtaugargjald til bráðabirgða eða sem endanlegt gjald samkvæmt áætluðu mati.

Fyrir þetta gjald fæst aðeins ein heimtaug. Ef lengd jarðlínuheimtaugar er meiri en 25 m og loftlínuheimtaugar meiri en 60 m og/eða gildleiki víra meiri en 78 mm<sup>2</sup>, skal húseigandi greiða allan kostnað af því, sem fram yfir er.

Rafmagnsveitustjóri ákveður, hvort lögð er loftlínu- eða jarðlínuheimtaug, og sé loftlínuheimtaug breytt í jarðlínu samkvæmt ákvörðun hans, skal húseigandi greiða mismun grunngjalds, 500 kr.

Nú hefur rafmagnsveitustjóri ákveðið loftlínuheimtaug, en húseigandi óskar eftir jarðlínuheimtaug, og er þá heimilt að verða við þeirri beiðni gegn því, að húseigandi greiði fyrir jarðlínuheimtaugina samkvæmt ákvörðun héraðsrafmagnsveitna ríkisins.

Heimtaugargjald skal greitt að hálfu áður en lagning heimtaugar er hafin og að fullu áður en straumi er hleypt á heimtaugina.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt raforkulögum, nr. 12. 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi 1. jan. 1961, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 131 10. nóv. 1955, um heimtaugagjöld til rafmagnsveitna ríkisins í kaптúnunum Blönduósi, Dalvík, Hellissandi, Hólmavík, Ólafsvík, Höfðakaupstað, Hvammstanga, Grafarnesi og Höfnum á Reykjanesi.

*Atvinnuáráðuneytið, 22. desember 1960.*

**Ingólfur Jónsson.**

*Þorv. K. Þorsteinsson.*